

Kyn og völd á Norðurlöndunum

18. – 19. nóvember 2009 á Grand Hótel Reykjavík

Norðurlöndin eru í fremstu röð í heiminum hvað varðar stöðu kvenna í stjórn-
málum. Allt önnur mynd blasir við þegar hlutur kvenna í stjórnnum og meðal
stjórnenda stærstu fyrirtækja er skoðaður sem og innan samtaka í atvinnulífinu.
Hvers vegna gengur hægar að jafna hlut kynjanna í atvinnulífinu en í stjórn-
málunum?

Á síðasta ári fól Norræna ráðherranefndin NIKK (Nordiskt institut för kunskap om kön) að stýra
rannsókn á kyni og völdum innan stjórn mála og atvinnulífs á Norðurlöndunum. Tuttugu fræð-
menn frá öllum Norðurlöndunum hafa tekið þátt í verkefninu sem lýkur á þessu ári. Á ráð-
stefnunni í Reykjavík verða niðurstöður kynntar og verður sjónum meðal annars beint að:

- Upplýsingum um hlut og áhrif kvenna og karla við ákvarðanatöku á sviði stjórn mála og
innan atvinnulífsins á Norðurlöndunum fimm og sjálfstjórnarsvæðunum þremur.
- Samanburði milli Norðurlandanna og samanburði milli stjórn mála og atvinnulífs.
- Umfjöllun um hvaða aðgerðir hafi skilað mestum árangri við að jafna hlut kynjanna í
stjórn málum og atvinnulífi.


Ráðstefnan hefst að kvöldi 18. nóvember í Háskóla Íslands með lykilyrilestri Anneli Jäätteen-
mäki en hún situr á Evrópuþinginu og er fyrrverandi forsætisráðherra Finnlands. Næsta dag,
þann 19. nóvember, verða flutt erindi þar sem staðan innan stjórn mála og atvinnulífs Norður-
landanna og sjálfstjórnarsvæðanna verður greind. Ráðstefnunni lýkur með pallborðsumræðum
með þátttöku fólks úr stjórn málum og atvinnulífi, auk fræðimanna.

Ráðstefnan er öllum opin og er þátttaka ókeypis. Ferðir og uppihald greiða þátttakendur sjálfir.
Fulltrúar félagasamtaka geta sótt um ferðastyrk hjá nikk@nikk.uio.no fyrir 15. september.
Ráðstefnan fer fram á norðurlandamálum en túlkað verður á finnsku og íslensku.

Skráning fer fram á vefnum <http://www.yourhost.is/genderandpower2009/registration.html>.
Skráningu lýkur 1. október. Fjöldi þátttakenda er takmarkaður og verður lögð áhersla á að
fulltrúar frá öllum Norðurlöndunum komist að. Staðfesting á þátttöku verður send út í síðasta lagi
15. október.



Ingi Valur Jóhannsson
Formaður jafnréttisnefndar
Norrænu ráðherranefndarinnar



Solveig Bergman
Framkvæmdastjóri
NIKK – Nordiskt institut
för kunskap om kön

Ráðstefnan er skipulögð af Norrænu ráðherranefndinni í samvinnu við NIKK og Jafnréttisstofu.
Nánari upplýsingar má sjá á <http://formennska2009.jafnretti.is/fm2009/?D10cID=page&id=8> og www.nikk.no.

